

Nemandi:

- kynnist persónum sögunnar og hvernig þær tengjast
- auki við orðaforða sinn sbr. mannanöfn sem tengjast náttúrunni.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Skipulag bekkjar	Námsgögn	Afrakstur
Hekla og fjöl-skylda (bls. 2-5)	Hvaða persónur eru kynntar til sögunnar í bókinni?	Umræður	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Listi yfir þær persónur sem koma fram í sögunni.
		Nemendur útbúa klippimyndir af þeim persónum sem koma fram í sögunni.	Hópvinna	Pappír, skæri, lím, efnisbútar og litir.	Klippimyndir af persónum sögunnar.
	Hvernig lítur herbergi Heklu út og hver er að koma í heim-sókn? Skiptir máli að taka til áður en gestir koma?	Umræður	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vangaveltur nemenda um efnið.
		Nemendur útbúa möppu undir verkefni sín.	Einstaklingsvinna	Afskurðarpappír brotinn saman og nýttur fyrir möppur.	Verkmappa nemenda.
		Nemendur teikna upp mynd af herbergjum sínum	Einstaklingsvinna	Pappír og skriffæri.	Teikning af herbergi nemenda (geymd í verkmöppu).
	Hvernig tengjast nöfn Heklu og systkina hennar náttúrunni?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Hugmyndir nemenda um efnið.
		Nemendur finna fleiri nöfn sem vísa í náttúruna.	Hópvinna	Pappír og skriffæri.	Listi yfir þau nöfn sem vísa til náttúrunnar.
	Er einhver munur á nöfnum systranna og bróðurins?	Hugflæði og umræður	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vitneskja nemenda um efnið.
		Listinn sem nemendur unnu á undan notaður í frekari flokkun (blómanöfn, fjallanöfn, jökla-nöfn, snjónöfn o.s.frv.).	Hópvinna	Pappír og skriffæri.	Flokkun nemenda og vitneskja þeirra um efnið.

Nemandi:

- geri sér grein fyrir að mikil hættu getur stafað af eldgosum
- viti af eldgosinu í Vestmannaeyjum og átti sig á hvaða áhrif eldgos getur haft á líf fólks.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Skipulag bekkjar	Námsgögn	Afrakstur
Sagan hennar Siggu (bls. 6-9)	Hvaða sögu segir Sigga fjöl-skyldunni og hvað þurfti Sigga að gera þessa nótt?	Hugflæði og umræður	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vitneskja nemenda.
		Nemendur skoða landakort og finna Vestmannaeyjar. Einnig er sniðugt að horfa á gamalt mynd-skeið frá gosinu.	Allur bekkurinn.	Landakort og gamalt mynd-skeið frá gos-inu sem finna má á netinu.	Vitneskja nemenda um staðsetningu Vestmannaeyja.
		Nemendur teikna eða fá tilbúna loftmynd af Íslandi og eyjunum í kringum landið.	Einstaklingsvinna	A3 blað með og skriffæri.	Kort af Íslandi (geymt í verkmöppu).
	Hvernig haldið þið að Siggu hafi liðið þessa nótt?	Umræður	Allur bekkurinn.		Hugmyndir nemenda um líðan annarra.
	Hvernig haldið þið að ykkur myndi líða í svona aðstæðum?	Hugflæði og umræður.	Hópvinna	Pappír og skriffæri.	Nemendur öðlast færni í að setja sig í spor annarra.
	Hvernig ferðaðist fólkið frá Vestmannaeyjum þessa nótt? Hvernig ferðast fólk í dag á milli lands og eyja?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vangaveltur nemenda um flutninga milli lands og eyja.
	Hvað gleymdist í Vestmanna-eyjum sem Sigga saknaði sárt?	Umræður	Allur bekkurinn.		Vitneskja nemenda um efnið.
	Hvaða eyja hafði orðið til nokkrum árum áður en gosið varð í Heimaey og hvernig varð hún til?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss. Nemendur horfa á gamalt mynd-skeið af Surtseyjargosi.	Vitneskja nemenda um gos úr sjó.

Nemandi:

- geri sér grein fyrir að á Íslandi eru virk eldfjöll sem hafa áhrif á landmótun
- læri um uppbyggingu jarðar (kjarni, möttull, jarðskorpa ...)
- geri sér grein fyrir því að jarðskorpan er byggð upp á flekum sem hreyfast til
- auki við orðaforða sinn og læri nöfn á ólíkum eldstöðvum/fjöllum.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Skipulag bekkjar	Námsgögn	Afrakstur
Af hverju eldgos (bls. 10-15)	Af hverju verða eldgos?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vangaveltur nemenda um efnið.
	Hvernig er jörðin byggð upp og á hvað minnir hún?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vitneskja nemenda um kjarna, möttul og jarðskorpu.
		Nemendur teikna mynd af uppbyggingu jarðar.	Einstaklingsvinna	Pappír, skriffæri og litir.	
		Nemendur fá egg sem þeir eiga að ganga þannig frá að það verði fyrir sem minnstu hnjaski.	Hópvinna	Egg, dagblöð, lím-band og skæri (eggj pakkað inn og því svo kastað fram af svölum eða stiga-palli).	Skemmtilegt uppbrotsverkefni (en nemendum er leitt það fyrir sjónir að þó svo að jörðin sé sterkbyggð eins og harðsoðið egg þá er hún viðkvæm eins og ósoðið egg og hana ber að virða).
	Hvaða eldstöðvar og/eða eldfjöll þekkið þið á Íslandi?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Landakort, flettitafla, túss og margvíslegar bækur af bókasafni um eldgos.	Vitneskja nemenda um eldfjöll á Íslandi og ólíkar gerðir þeirra.
	Nefnið nokkur dæmi um ólík eldgos.	Nemendur skrá inn á Íslandskort sitt helstu eldfjöll á landinu.	Einstaklingsvinna	Íslandskort í verk-möppum nemenda.	
	Hvaða áhrif geta eldgos haft á líf fólks?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Bækur af bókasafni, flettitafla og túss.	Vangaveltur nemenda um efnið.

MARKMIÐ

Nemandi:

- geri sér grein fyrir að fylgst er grannt með jarðhræringum og eldgosum í dag og fólk varað við hættum
- átti sig á hvað almenningur getur gert til að draga úr áhættu vegna jarðhræringa.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Skipulag bekkjar	Námsgögn	Afrakstur
Vangaveltur Heklu (bls. 16-19)	Hvenær verðum við andvaka og af hverju er Hekla andvaka?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Hugmyndir nemenda um efnið.
	Hvar eru flest eldfjöll á Íslandi og hverjir fylgjast með þeim?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vitneskja nemenda um efnið.
		Landakort nemenda af Íslandi skoðað.	Allur bekkurinn.	Landakort á vegg og landakort nemenda úr verkmöppu.	
	Hvar leynast hættur í ykkar umhverfi?	Umræður og nemendur kynna niðurstöður sínar.	Hópvinna	Pappír og skriffæri.	Nemendur kynna niðurstöður sínar fyrir bekknum.
	Hvernig eru húsin byggð á Íslandi?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Hugmyndir nemenda um húsakost og styrk húsa á Íslandi.
		Nemendur bera saman byggingar úr legókubbum og kapplakubbum.	Hópvinna	Legókubbar, kapp-lakubbar eða annars konar byggingarefni.	Nemendur sjá á þessu verkefni að legókubbarnir læsast saman en kapplakubbarnir ekki sem gerir þá seinni að veikara byggingarefni.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Skipulag bekkjar	Námsgögn	Afrakstur
Vangaveltur Heklu (bls. 16-19)	Hverjir láta okkur vita ef eldgos verða eða jarðskjálftar?	Hugflæði og umræður. Nemendur útbúa frétt um eldgos (og/eða jarðhræringar).	Allur bekkurinn. Hópvinna	Flettitafla og túss. Pappír og skriffæri. Einnig má notast við spjaldtölvu og leyfa nemendum að taka upp „fréttina.“	Hugmyndir nemenda um efnið. Fréttin flutt eða sýnd nemendum bekkjarins.
	Hvenær erum við hrædd eða óróleg?	Umræður	Hópvinna	A4 blað og blýantar.	Hóparnir kynna efnið fyrir samnemendum sínum.
	Hvernig haldið þið að fólki hafi liðið í gamla daga þegar eldgos og jarðskjálftar urðu? Af hverju varð fólkið svona hrætt?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Hugmyndir nemenda um efnið.

MARKMIÐ

Nemandi:

- átti sig á hvað sé gott að hafa í huga þegar vá ber að dyrum
- læri neyðarnúmerið 1-1-2 og skilji hvenær eigi að nota það.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Skipulag bekkjar	Námsgögn	Afrakstur
Nauðsynjataska (bls. 20-21)	Ef þið þyrftuð að flýja heimili ykkar skyndilega og mættuð taka einn hlut með ykkur hver yrði hann?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vangaveltur nemenda um það sem þeir myndu taka með sér.
		Nemendur útbúa klippimynd af þeim hlut sem þeir myndu taka með sér.	Einstaklingsvinna	Pappír, skæri, lím, efnisbútar og litir.	Klippimynd geymd í verkmöppu nemenda.
	Hvað getum við gert í dag sem fólk gat ekki í gamla daga ef vá ber að dyrum?	Hugflæði og umræður.	Hópvinnu	Pappír og skriffæri.	Nemendur kynna niðurstöður sínar fyrir nemendum bekkjarins.
	Hvað myndum við setja í nauðsynjatösku ef við hefðum eina slíka á heimilinu okkar?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Hugmyndir nemenda um innihald nauðsynjatösku.
		Nemendur útbúa nauðsynjatösku úr pappa sem hengd verður upp á vegg.	Hópvinnu	Pappír, skæri, lím, efnisbútar og litir.	Taskan hengd upp á vegg ásamt útskýringum.

Nemandi:

- geri sér grein fyrir því hvað þarf að hafa í huga áður en lagt er af stað í ferðalag
- átti sig á að landslagið er í stöðugri mótun enda landið lifandi.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda	Skipulag bekkjar	Námsgögn	Afrakstur
Ferðalag (bls. 22-24)	Hvað þurfum við að hafa í huga áður en við förum í ferðalag?	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla og túss.	Vangaveltur nemenda.
		Nemendur gera útbúnaðarlista.	Hópvinna	Pappír og skriffæri.	Útbúnaðarlisti geymdur í verkmöppu nemenda.
	Hvað er það sem þið takið aðallega eftir þegar þið ferðist um landið? (Gott að tala aðeins um að margir eru í spjaldtölvunni meðan á ferðalagi stendur og missa þ.a.l. af landinu/útsýninu sem er fyrir utan bígluggann).	Hugflæði og umræður.	Allur bekkurinn.	Flettitafla, túss og Íslandskort.	Vitneskja nemenda um landið og það sem þeim finnst markvert.
	Til hvaða landsvæða hafið þið ferðast innanlands? Hvernig hafið þið ferðast um landið (fótgangandi, akandi, hjólandi, siglandi o.s.frv.)?	Umræður. Nemendur merkja inn á landakortið sitt hvert þeir hafa komið.	Einstaklingsvinna Einstaklingsvinna	Pappír og skriffæri. Landakort í verkmöppu og litir.	Vitneskja nemenda um efnið.